



Lúxemborg, 15. desember 2016

FRÉTTATILKYNNING 11/2016

Dómur í máli E-1/16 *Synnøve Finden AS* gegn norska ríkinu, ráðuneyti landbúnaðar og matvæla í fyrirsvári

SÉRSTAKUR STYRKUR VEITTUR TIL DREIFINGAR Á MJÓLKURVÖRUM Í FLJÓTANDI FORMI KANN AÐ FELA Í SÉR ÓLÖGMÆTA RÍKISAÐSTOÐ

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Oslóar (*Oslo tingrett*) um túlkun á 31. og 61. gr. EES-samningsins.

Norsk reglugerð nr. 832 frá 29 júní 2007 um verðjöfnunarkerfi fyrir mjólk („reglugerðin“) mælir meðal annars fyrir um sérstakan dreifingarstyrk sem veittur er fyrirtækinu Q-Meieriene AS („Q-Meieriene“) fyrir dreifingu á mjólkurvörum í fljótandi formi. Synnøve Finden AS („Synnøve Finden“) framleiðir ýmsar mjólkurvörur í föstu formi. Í september 2014 tilkynnti Synnøve Finden ráðuneyti landbúnaðar og matvæla í Noregi að fyrirtækið hygðist hefja framleiðslu á jógúrti og mjólk til neyslu og sóttist félagið eftir staðfestingu á skilyrðum fyrir slíkri framleiðslu. Í því sambandi nefndi Synnøve Finden hina sérstöku dreifingarstyrki sem Q-Meieriene væru veittir. Í svári sínu sagði ráðuneytið að það væri ekki ætlunin að veita fleirum sama styrk og Q-Meieriene væri veittur. Í kjölfarið stefndi Synnøve Finden norska ríkinu fyrir Héraðsdómi Oslóar, þar sem fyrirtækið krefst þess aðallega að ákvæði reglugerðarinnar sem heimilar hinn sérstaka dreifingarstyrk verði dæmt ógilt. Til vara byggir Synnøve Finden á því að ákvæðið feli í sér ólögmæta ríkisaðstoð.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að styrkurinn kynni að fela í sér ríkisaðstoð. Um slíka aðstoð giltu reglur um tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, að því gefnu að landsdómstóllinn teldi styrkjakerfið uppfylla skilyrði til þess að teljast ríkisaðstoð. Landsdómstóllinn yrði að meta hvort ráðstöfunin fæli í sér íhlutun af hálfu ríkisins eða með fjármunum ríkisins, hvort sú íhlutun væri til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkja, hvort íhlutunin veitti styrkþega sértækan ávinning og hvort hún raskaði eða væri til þess fallin að raska samkeppni.

Dómstóllinn vísaði jafnframt til þess að væru ráðstafanir, sem fæla í sér ríkisaðstoð, í órjúfanlegum tengslum við tilteknar vörur sem féllu ekki að öllu leyti utan gildissviðs EES-samningsins, yrði að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um aðstöðina í heild sinni. Í fyrirbyggjandi máli næði styrkveitingin til vara sem féllu utan gildissviðs EES-samningsins, en jafnframt til vara sem féllu innan gildissviðs hans. Þrátt fyrir að vörurnar sem styrkveitingin næði til væru aðgreinanlegar sem slíkar, væri þeim dreift saman. Hvort tveggja vörur sem féllu innan gildissviðs samningsins og utan þess nytu því góðs af umræddri ráðstöfun.

Að lokum taldi dómstóllinn að landsdómstóllinn þyrfti ekki að meta ríkisaðstoðarkerfi í ljósi stofnsetningarréttar 31. gr. EES-samningsins, nema því aðeins að unnt væri að meta þann rétt sjálfstætt og án skírskotunar til ríkisaðstoðarinnar. Slíkt mat virtist ekki mögulegt í málinu.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.